

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Stykkishólmi.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Stykkishólmi nr. 578/1997 skulu árlega greiða fyrir það kr. 7.000 í bæjarsjóð.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 1. mars og eindaga 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

Þeir sem sækja um leyfi til þess að halda hund eftir 1. júlí greiða einungis helming leyfisgjalds fyrir það ár.

2. gr.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða. Til viðbótar útlögðum kostnaði skal leyfishafi eða umráðamaður greiða handsömunargjald sem er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn kr. 4.000.

Í annað sinn kr. 6.000.

Í þriðja sinn kr. 8.000.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 26. nóvember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 698/1996 fyrir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir samþykkt á efni til þrifa og/eða gerileyðingar í matvælaíðnaði, sbr. 2. lið 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti, er kr. 10.000 fyrir hvert efni sem heimilað er að nota.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 27. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.